



Reykjavík, 22. október 2012

## Borgarráð og bæjarráð aðildarsveitarfélaga SHS

Í kjölfar ágreinings velferðarráðuneytisins og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um framlag ríkisins til reksturs sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu gerðu ráðuneytið og SHS með sér samkomulag, sem undirritað var 18. júní sl., um að kalla til óháðan úttektaraðila til þess að leggja mat á þau ágreiningsmál sem samningaviðræður aðila hafa strandað á. Í samkomulaginu kemur fram að niðurstaðan verði ekki ígildi samnings, en lögð áhersla á að hún verði nýtt sem grundvöllur fyrir áframhaldandi samningaviðræður.

Fyrirtækið KPMG var ráðið til verksins og hefur það nú gert úttekt á skiptingu kostnaðar milli slökkvistarfssemi og sjúkraflutninga í samrekstri SHS, lagt mat á hagræðingu af samrekstrinum og forsendur beggja aðila fyrir útreikningum kostnaðar við slökkvilið og sjúkraflutninga, bæði í samrekstri og aðskildum rekstri.

Í niðurstöðum KPMG kemur m.a. fram að ótvíraett hagræði sé af samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu og því beggja hagur að það fyrirkomulag haldi áfram þó svo að auka þurfi greiðslur ríkisins til SHS vegna sjúkraflutninga.

KPMG hefur kynnt niðurstöður úttektar sinnar fyrir stjórn SHS og á fundi hennar 19. október var samþykkt að fela slökkviliðssstjóra að senda skýrslu KPMG til aðildarsveitarfélaganna og kynna hana í borgarráði og bæjarráðum þeirra til frekari umræðu.

Til þess að svo megi verða er óskað eftir því að undirritaður fái sendar upplýsingar á netfangið [jvm@shs.is](mailto:jvm@shs.is) frá hverju aðildarsveitarfélaganna um hvaða tími hentar borgarráði/bæjarráði þess til kynningar á skýrslunni.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

  
Jón Viðar Matthíasson,  
slökkviliðssstjóri

Meðfylgjandi:

- Skýrsla KPMG, Úttekt vegna samningsviðræðna SHS og VEL um sjúkraflutninga, dags. 2. október. 2012
- Minnisblað slökkviliðssstjóra um úttekt KPMG, dags. 22. október. 2012